

Minnisblað - 9. júní 2016

1409495 – Grunnskóli, stofnun nýs skóla

Á fundi bæjarráðs 7. maí s.l. lögðu fulltrúar Samfylkingar og VG svohljóðandi fyrirspurn: „*Þar sem enginn fulltrúa meirihlutans hefur enn viljað gangast við því opinberlega að hafa samþykkt rekstur nýs einkarekins grunnskóla í Hafnarfirði óskum við eftir því að bæjarlögmaður skili bæjarráði greinargerð þar sem farið er yfir ferlið frá upphafi og gerð grein fyrir því hvernig staðið hefur verið að málinu með hliðsjón af grunnskólalögum og reglugerð nr. 699 frá 25. júlí 2012.*“

Mál þetta hófst 6. október 2014 með því að lagt var fram í fræðsluráði þann dag bréf frá Framsýn skólafélagi ehf dagsett 16. september 2014 ósk um samþykki Hafnarfjarðarbæjar um stofnun grunnskóla í Hafnarfirði.

Um grunnskóla gilda lög nr. 91/2008 með síðari breytingum. Í 3. gr. laganna segir að skólaskylda á grunnskólastigi sé að jafnaði tíu ár og að öllum börnum að jafnaði á aldrinum 6 til 16 ára sé skylt að sækja grunnskóla. Í 5. gr. laganna segir að rekstur almennra grunnskóla sé á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga. Í 4. gr. laganna segir að ráðherra fari með yfirstjórn þeirra málefna sem lögin taki til. Í 1. gr. laganna segir að lögin taki til grunnskóla á vegum sveitarfélaga, til sjálfstætt rekinna grunnskóla sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt lögnum og til viðurkennds náms á grunnskólastigi.

Í 43. gr. laganna segir að ráðherra sé heimilt að viðurkenna grunnskóla eða hluta grunnskóla, sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum. Ráðherra hefur sett reglugerð um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum og skólahald samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námskipan, reglugerðin er frá 25. júlí 2012, hún var birt í stjórnartíðindum 10. ágúst 2012 og er nr. 699/2012.

Í 1. mgr. 43. gr. grunnskólalaga segir að ráðherra sé heimilt að viðurkenna grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum, „...enda liggja fyrir samþykki sveitarfélags um stofnun skólans og

framlög til hans". Um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum gildir eins og áður segir rgj. nr. 699/2012. Í rgj. kemur einnig fram það skilyrði að samþykki sveitarfélags skuli liggja fyrir, við viðurkenningu ráðherra á grunnskóla eða hluta grunnskóla sem eru reknir af öðrum en sveitarfélögum, sjá 2. gr. rgj. Í 3. gr. koma fram skilyrði viðurkenningar og í 4. gr. eru ákvæði um umsóknir um viðurkenningu grunnskóla.

Í 2. mgr. 43. gr. grunnskólalaga segir að sveitarfélög skuli gera þjónustusamninga við grunnskóla sem falla undir 43. gr. laganna. Samskonar ákvæði er í 5. gr. rgj. Í 6. gr. rgj. segir að grunnskólar sem hljóti viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga um grunnskóla og reglugerðar 699/2012 eigi rétt á framlagi úr sveitarsjóði.

Á fræðslufundi þann 18. desember s.l. var lögð fram eftirfarandi tillaga:

"Fræðsluráð samþykkir fyrir sitt leyti umsókn frá Framsýn skólafélagi ehf. dagsettri 16. september 2014 um stofnun grunnskóla í Hafnarfirði.

Samþykktin er bundin því að rekstraraðilar uppfylli öll skilyrði reglugerður nr. 699 frá 25. júlí 2012 um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum og skólahald samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan og hljóti viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðherra skv. henni.

Samþykktin tekur til greiðslu skv. 7. gr. reglugerðarinnar fyrir allt að 45 nemendur í 8.-10. bekk skólaárið 2016-2017, en nemendum fjölgi síðan ár frá ári þar til hámarki verður náð. Fjöldi nemenda og greiðslur sveitarfélagsins verða bundin í þjónustusamningi milli Framsýnar skólafélags ehf. og Hafnarfjarðarbæjar, fáist rekstrarleyfi hjá mennta- og menningarmálaráðherra."

Tillagan var samþykkt með þremur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar, fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna sem greiddu atkvæði á móti henni

Með bréfi frá Menntamálastofnun dagsettu 14. apríl 2016 er eftirfarandi tilkynnt til Framsýnar – Skólafélags:

„Samkvæmt 43. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla er Framsýn kt. 630615-0890, hér með viðurkenndur til þess að starfa sem grunnskóli í samræmi við lög er gilda um grunnskóla og reglugerðir settur á grundvelli þeirra og aðalnámskrá grunnskóla.

Viðurkenningin er veitt með vísan til samþykkis Fræðsluráðs Hafnarfjarðar, dagsett 18.12.2015 og skipulagsskrár Framsýnar. Viðurkenningin gildir til tveggja ára.“

Niðurstaða:

Málið á undir fræðsluráð og virðist hafa verið í eðlilegum farvegi þar. Fræðsluráð fjallar um umsókn um stofnun skóla og vinnur að gerð þjónustusamnings.



Fræðsluráð samþykkti á fundi ráðsins 18. desember 2015 fyrir sitt leyti umsókn Framsýnar um stofnun grunnskóla og jafnframt að samþykktin taki til greiðslu skv. 7. gr. rgj. nr. 699/2012 fyrir allt að 45 nemendur í 8 til 10 bekk.

Ráðherra hefur með heimild í 1. mgr. 43. gr. grunnskólalaga falið Menntamálastofnun að veita viðurkenningar.

Menntamálastofnun veitir viðurkenninguna þann 14. apríl s.l. með vísan til samþykkis fræðsluráðs, sem stofnunin metur sem fullnægjandi samkvæmt 43. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008.

Endanlegt samþykki bæjarstjórnar til að hefja rekstur yrði síðan veitt með afgreiðslu þjónustusamnings.

Meðfylgjandi er yfirlit yfir feril málsins.

Hafnarfirði, 9. júní 2016

Sigríður Kristinsdóttir hrl.

bæjarlögmaður.